

Nr. 152

27. janúar 2009

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 274/2006, um skilyrði undanþágu frá  
greiðslu olíugjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað stafliðar j við 3. tölul. B. liðar 1. gr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi:

Mjólkurflutningabifreið sem skráð er með tank sem yfirbyggingu og er sérstaklega útbúin og eingöngu notuð til að safna mjólk frá búum. Hafi bifreiðin tengivagn verður farmur hans að vera sá sami, þ.e. mjólk frá búum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. janúar 2009.*

F. h. r.

**Maríanna Jónasdóttir.**

*Ingvi Már Pálsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2009